



Viðmiðunarreglur um skammtímaleyfi í skólum Norðurþings

Markmið með reglum þessum er að lágmarka röskun á skólastarfi vegna persónulegra leyfa kennara og annars starfsfólks skóla.

Reglur þessar ná ekki til leyfa vegna endurmenntunar, fjölskylduaðstæðna, þingmennsku eða starfa í þágu samfélagsverkefna svo sem björgunarsveitar.

Þurfi starfsmaður skóla að sækja um persónulegt leyfi frá störfum, skal hann afhenda skólastjóra rökstudda beiðni á þar til gerðu eyðublaði. Æskilegt er að starfsmenn fari ekki í fleiri en eitt persónulegt leyfi á skólaári og að heildarfjöldi daga verði ekki umfram 10 virka daga. Beiðnin skal berast með a.m.k. mánaðar fyrirvara svo að unnt sé að fjalla um hana með eðlilegum hætti og samþykka eða hafna áður en fyrirhugað leyfi hefst.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu er að forföll sé hægt að leysa á viðunandi hátt að mati skólastjóra.

Almennt er ekki gert ráð fyrir að starfsmenn vinni upp í leyfi, skólastjóri getur þó heimilað slíkt enda þjóni það hagsmunum skólans og nemenda hans.

Vinnuskipti starfsmanna eru óheimil nema undir umsjón skólastjórnenda, ganga verður formlega frá leyfum og afleysingum vegna leyfa.

Skólastjórum ber að halda yfirlit yfir leyfisbeiðnir og upplýsa fræðslu- og menningarfulltrúa um afgreiðslu beiðna.

Samþykkt á 47. fundi fræðslu- og menningarnefndar Norðurþings 25. mars 2015.

Staðfest á 47. fundi bæjarstjórnar Norðurþings 21. apríl 2015.